

# Tækniupplýsingar

## Oxystrip®

### Öflugur uppleysir fyrir 2ja þátta málningarefni

#### EIGINLEIKAR

- Afar mikil upplausnarhæfni, en efnið losar viðloðun efna frá undirlaginu
- Nýstárlegur, öflugur uppleysir fyrir 1- og 2ja þátta málningarefni á málmflötum og öðru þéttu undirlagi
- Hentar vel til notkunar í iðnaði (t.d. við byggingu stálgrindarhúsa)
- Er í formi vatnsdreifu í leysi (alkóhóli), inniheldur virkt súrefni og sýrur með blossamark yfir 100°C
- Gelkennt efnið helst vel á lóðréttum flötum
- Auðvelt í vinnslu, má rúlla eða sprauta á flötinn

#### HENTAR FYRIR EFTIRFARANDI

- Fyrir ál, títan steypujárn, stál með lágu kolefnisinnihaldi (hefðbundið stál), gler
- Steinefnaundirlag sem er skammtímasýrupolið
- Til notkunar innan- og utandyra

**TAKMARKANIR Á NOTKUN** Hentar ekki til notkunar á stál með háu kolefnisinnihaldi. Sínkfletir gætu einnig skaddast, svo og kalksteinn, marmari og fleiri slík efni. Varðandi ál, er nauðsynlegt að fylgjast með snertitíma og haga aðstæðum þannig að leysigetan verði í hámarki, annars gæti álið skaddast (sjá leiðbeiningar hér að neðan). Ekki er unnt að nota efnið á plast, blandað mýkingarefnum. Við notkun á timbur gætu myndast blettir af völdum sýru. Mælt er með prófun á litlum bletti. Þar sem 2ja þátta málningarkerfi eru ótalmörg, er ekki unnt að tryggja árangur. Reyna mætti í þeim tilvikum aðrar tegundir málningarleysa frá Scheidel.

TÆKNIUPPLÝSINGAR			
Eðlisþyngd	1,02 g/cm <sup>3</sup>	Blossamark	>100°C
Litur	Gulleitur	Vinnsluhitastig	10°C að lágmarki
Lykt	Stingandi	Vatnsmengun	WGK1 (þýsk flokkun)
Seigja	7000 mPas	Efnisnotkun	0,25-2,0 L/m <sup>2</sup> (um 100 ml á hverja umferð málningar)
Eðlisástand	Deigkennt	Umbúðastærðir	1 og 5 Lítrar
pH (20°C)	2,5	Vörunúmer	135
Geymsluþol í lokuðum umbúðum	24 mán. í óopnuðum umbúðum á köldum, þurrum stað		

#### NOTKUNARSVIÐ

- Leysir upp 1- og 2ja þátta málningarkerfi eins og pólýureþan, alkýð, akrýlöt, epoxy, duftmálningu og lím.
- Má nota á ál, títan steypujárn, stál með lágu kolefnisinnihaldi og gler.
- Má einnig nota á steinefni sem hafa skammtímaþol gegn sýrum.
- Má nota innan- og utandyra.

Til að uppleysihæfni efnisins nýtist að fullu skal tryggja að nægilegt magn sé borið á. Sé um að ræða þykk málningarlæg með mörgum umferðum, skal fjarlægja uppleysta málningu jafnharðan (án millipvottar) og bera Scheidel Oxystrip 2K aftur á. Gætið þess að bíða ekki lengur en þarf með endurtekna meðferð, það auðveldar þrif og hlífir undirlagi.

**Stuðningsaðgerðir:** Sé umhverfishiði hárt (10-30°C) má leggja PE filmu yfir flötinn eftir að Scheidel Oxystrip 2K hefur verið borið á. Það eykur virknina og dregur úr lyktarmengun. Gætið þess að áverkunartími sé hæfilega langur.

**Neikvæð áhrif:** Regn, dragsúgur, lágt hitastig, gleypt undirlag, ónóg loftræsting, of lítið magn borið á flötinn.

## VINNULEIÐBEININGAR

**Undirbúningur:** Kannið í byrjun ástand og gerð málningarinnar sem fjarlægja skal. Sé ætlunin að fjarlægja uppleysta málningu með háþrýstidælu og heitu vatni, verður að gera ráð fyrir að safna vatninu í ílát, og ef við á, afla leyfa hjá viðkomandi yfirvöldum. Eigi að nota loftfríar eða lágþrýstar dælur á stóra fleti utanhúss, ætti að loka af vinnusvæðið með dúk. Hyljið þá fleti sem ekki skal hreinsa. Tryggið næga loftræstingu.

**Prófunarblettir:** Prófið samrýmanleika á lófastórum blettum. Sé um stóran flöt að ræða ætti að gera prófanir á fleiri blettum á mismunandi stöðum. Fylgist með utanaðkomandi áhrifum svo sem hitastigi og tíma og síðan reglulega með framvindu uppleysingarinnar.

**Undirbúningur:** Hrærið Scheidel Oxystrip 2K vandlega fyrir notkun eða þar til efnið verður einsleitt. Á stórum flötum ætti að byrja neðst og vinna upp á við. Gætið þess að nota ávallt nægilegt magn. Aðeins ríkulegt magn getur tryggt fulla virkni.

**Loftfríar dælur:** Fjarlægið allar síur í tækinu. Spíssar: 0,530/0,021 til 1,070/0,043. Vinnuþrýstingur 40-80 bar, eftir vali á spíss. Sé um að ræða loftdrifnar loftfríar dælur skal þrýstingur vera 2 bör.

**Háflæði/lágþrýsti (HVLP) dælur:** Þynnið Oxystrip með Scheidel Oxystrip Liquid Pistol & Nozzle Cleaner (5-10%) og blandið vel. Spíssar: 2,0-2,5 mm, loftþrýstingur: 2-3 bar.

**Handvirkt:** Notið pensil/bursta með náttúruhárum, rúllu, breiðan bursta eða plastbretti.

**EFNISNOTKUN** Besta matið er á grunni prófana á fletinum. Efnisnotkun er að jafnaði 100 ml á hverja málningarumferð sem fjarlægja skal en getur verið á bilinu 200 ml/m<sup>2</sup> til 2000 ml/m<sup>2</sup>.

## UPPLEYST MÁLNING FJARLÆGÐ

**Með sprautun/úðun:** Notið háþrýstidælu með heitu vatni (80°C, 60-130 bar), úðið að neðan og upp og í átt að þegar hreinsuðu svæði. Forðist að hreinsivatn snerti svæði þar sem verkun er í gangi þar sem hún gæti þar með stöðvast. Einnig má fjarlægja uppleysta málningu með sogbúnaði.

**Handvirkt:** Fjarlægið uppleysta málningu með spaða eða skröpu. Hreinsið síðan flötinn með Scheidel UltraFix (þynnt 1:3 til 1:5 með vatni) og bursta eða svampi. Skolið síðan með hreinu vatni.

**Athugið:** Hafi öll eldri málning hefur verið fjarlægð og ætlunin að mála aftur er ekki vitað um ósamrýmanleika við neina gerð málningar. Hreinsaður flöturinn verður þorna vel áður en nýtt efni er borið á. Tryggið hröð loftskipti innandyrna í því skyni. Notið ávallt filmu innandyrna (sjá að framan). Sé unnið í húsnæði þar sem vinnsla matvæla fer fram skal viðhafa nauðsynlegar mengunarvarnir.

## FÖRGUN HREINSIVATNS

**Almennt:** Áður en vinna hefst ætti að athuga förgunarmöguleika hjá viðkomandi yfirvöldum (um er að ræða blöndu vatns, uppleystrar málningar og leysiefna). Yfirleitt er leyfilegt að sleppa vökvanum í frárennslikerfi eftir að fast efni hefur verið skilið frá.

**Safnþró:** Gera má sem hér segir: Festið filmu á neðarlega á vegg með sterku límbandi. Staðsetjið planku undir kantinn á móti og myndið þannig þró á gólfi. Dælið vökva upp úr þrónni og fargið skv. reglum. Setja má upp geymslutank til skemmi tíma.

## VARÚÐARRÁÐSTAFANIR

Kynnið ykkur gildandi öryggisblað fyrir Oxystrip. Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur. Veldur húðertingu. Veldur alvarlegri augnertingu.

Sé unnið með loftfríar eða HVLP dælur, ætti skilyrðislaust að nota öndunargrímu með A2/P2 síu, og/eða heilgrímu fyrir andlit.

## NOTKUNARVÍSIR FYRIR SCHEIDEL MÁLNINGARUPPLEYSA

	Húsamálning, spartl	Lökk, t.d. húsgögn, gluggafög, girðingar	2ja þátta málning, gólfmálning, bílalakk
Efni	Asur	Asur	Oxystrip
Eftirhreinsun yfirborðs: Ultrafix			

Efni þessa tæknibæklings er byggt á reynslu. Ekki skal fyrirfram gera ráð fyrir fullnægjandi árangri. Mælt er með prófunum í öllum tilvikum. Eldri útgáfur þessara upplýsinga falla hér með úr gildi (frá 26/02/2019).

